

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi. Eyrin, Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi. Eyrin, Sindragata 4.

Breytingin felur í sér í meginatriðum að lóð nr. 4 við Sindragötu er skipt upp í tvær lóðir nr. 4 og 4a. Við Sindragötu 4a verður heimilt að reisa tvö íbúðarhús með 20-23 íbúðum. Horfið er frá fyrri áformum um stækkun byggingarreits fyrir bílageymslur. Nýtingarhlutfall verður 1,0. Gerð er grein fyrir samræmi við stefnu aðalskipulagsins og hverfisvernd og að nýbyggingar verði í samræmi við hlutfall þeirra húsa sem fyrir eru. Gólfkóti verður +3,0 samkvæmt hæðarkerfi Ísafjarðarbæjar.

Samhliða gildistöku deiliskipulags Sindragötu 4 og 4a fellur deiliskipulag Sindragötu 4, með síðari breytingum úr gildi.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 13. febrúar 2018.

Axel Rodriguez Överby skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. febrúar 2018